

Emilía Ak-57 útgerð ehf.  
Kt. 470302-2750  
Heimilisfang [...]

Akureyri, 27. júlí 2023

Tilv. 2023-04-26-0366 og 2023-07-24-0708

**Efni: Ný ákvörðun um sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni. Skil aflaupplýsinga. Ítrekun. Réttaráhrifum flýtt. Emilía AK-57 (2367)**

## I. Málsvik

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar ætluð brot skipstjóra fiskiskipsins Emilía AK-57, skipaskrárnúmer 2367, gegn reglugerð um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga nr. 307/2023 og lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996. Í skýrslu veiðieftirlitsmanns Fiskistofu frá 26. apríl 2023 segir að við rafrænt eftirlit hafi komið í ljós að stafrænar aflaupplýsingar hafi ekki borist til Fiskistofu áður en skipið lagði að bryggju, svo sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar nr. 307/2023 og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996, eftirfarandi daga í apríl 2023: 3., 6., 10., 13., 15., 17., 19. og 20. apríl. **Samtals átta aðskildar veiðiferðir þar sem stafrænar aflaupplýsingar bárust ekki Fiskistofu.** Af þeim sökum er skipstjóri Emilía AK-57 (2367) grunaður um að hafa brotið gegn tilgreindum ákvæðum reglugerðar nr. 307/2023 og laga nr. 57/1996, í framangreindum átta veiðiferðum.

## II. Athugasemdir málsaðila

Fiskistofa sendi málsaðila bréf, dags. 17. maí 2023 (tilv. 2023-04-26-0366), vegna meintra brota skipstjóra Emilía AK-57 (2367). Þar var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Þann 29. maí 2023 óskaði lögmaður málsaðila eftir öllum gögnum málsins og óskaði eftir framlengdum fresti frá móttöku þeirra. Voru gögn málsins afhent 1. júní 2023 og viðbótar frestur til athugasemda veittur til og með 16. júní sama ár. Þann 14. júní 2023 bárust athugasemdir í tölvupósti undirritaðar af lögmanni málsaðila.

Þar rakti málsaðili m.a. feril innleiðingar stafrænna lausna stjórnvalda við skráningu og skil aflaupplýsinga fiskiskipa í aðdraganda gildistöku reglugerðar nr. 307/2023 þann 27. mars 2023. Fram kemur að málsaðili hóf aftur útgerð í mars 2022 eftir um 9 mánaða hlé og hafi af þeim sökum misst af hluta af því innleiðingar- og aðlögunarferli sem hafði staðið yfir. Hafi skipstjórar skipsins átt erfitt með að tileinka sér nýja tækni. Í því samhengi vísaði málsaðili til orða Umboðsmanns Alþingis í álitum hans (mál nr. F118/2022). Að mati Fiskistofu er ekki hægt að leggja sömu sjónarmið til grundvallar þegar um er að ræða opinbera þjónustu sem borgarinn á rétt til, eins og í tilviki málsaðila í framangreindu álitum Umboðsmanns Alþingis, og þegar um er að ræða skyldur sem stjórnvöld leggja á aðila sem stunda leyfisskylda atvinnustarfsemi sem sætir opinberu eftirliti. Enginn er nauðbeygður til að stunda fiskveiðar og eru í senn

forsvaranleg rök og málefnanleg sjónarmið sem búa að baki því eftirliti sem með greininni er viðhaft og þeim kröfum sem gerðar eru til skila á aflaupplýsingum. Málsaðili, líkt og aðrir útgerðaraðilar sem stunda fiskveiðar í atvinnuskyni, bera ábyrgð á því að lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sé gætt í hvívetna við framkvæmd veiða. Sú tæknikunnátta sem krefst til skila aflaupplýsinga er að mati Fiskistofu engu meiri en sú tæknikunnátta sem skipstjórnarmenn þurfa að búa yfir til að geta lært á og notað nútíma siglingatæki.

Málsaðili kvaðst hafa skilað aflaupplýsingum með tölvupósti á grásleppuvertíð 2022 en Fiskistofa hafi án þess að gera honum viðvart eða leiðbeina honum stofnað brotamál gegn honum þann 16. júní 2022 (mál 2022-06-16-1770). Í millitíðinni hafi veiðieftirlitsmaður róið með málsaðila í a.m.k. eitt skipti og gerði ekki athugasemdir við þetta. Þá hafi stofnunin fyrst gert honum viðvart um málið sem síðar lauk með ákvörðun um sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni fyrir skip hans, Emilíu AK-57 (2367) í fjórar vikur frá 23. mars 2023 (tilv. 2022-06-16-1770). Þá kvaðst málsaðili hafa hafið grásleppuveiðar á vertíð 2023 og hafi þá tryggt sér áskrift að smáforritinu Aflaranum til skila aflaupplýsinga. Að hans sögn reyndist ómögulegt að skrá meðafla í forritið, aðeins hafi verið hægt að skrá grásleppuna. Voru leiðbeiningar þjónustuaðila forritsins ábótavant og erfitt að leita aðstoðar hjá honum og að sögn málsaðila væri jafnframt algjör skortur á leiðbeiningum frá Fiskistofu. Þessi vandræði hafi komið í veg fyrir að málsaðili gæti skilað aflaupplýsingum með réttum hætti og hafi hann þá gripið til þess ráðs að senda þær áfram með tölvupóstum til Fiskistofu sem stofnunin hafi ekki gert athugasemdir við. Þrátt fyrir það hafi málsaðila borist tilkynning um mál þetta þann 17. maí 2023 eins og að framan greinir.

Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu réri veiðieftirlitsmaður með skipi málsaðila til sjós á grásleppu í eftirlitsskyni í tvígang síðustu tvö ár, annars vegar 25. apríl 2022 og nú síðast þann 30. mars 2023 og var um sama veiðieftirlitsmann að ræða í bæði skipti. Að hans sögn var forsvarsmaður málsaðila, og sonur hans sem var með honum í umræddri veiðiferð 2022, í vandræðum með að skila aflaupplýsingum í gegnum snjallforrit. Hafi þeir sýnt eftirlitsmanni að þeir hafi reynt að skila aflaupplýsingum en það virtist ekki hafa virkað. Málsaðili kvaðst ætla fara í málið strax og þeir kæmu í land og gerði eftirlitsmaður engar frekari athugasemdir við það. Í framangreindri veiðiferð 30. mars 2023 bárust skil á aflaupplýsingum til tals á ný. Þá nefndi málsaðili að hann hafi oft á tíðum skilað aflaupplýsingum á blaði og sent þær í tölvupósti til Fiskistofu. Þá sagði umræddur veiðieftirlitsmaður við forsvarsmann málsaðila að það væri alveg sama hvernig honum liði með þetta að þá yrði hann að skila aflaupplýsingum í gegnum tilskildar tæknilausnir eins og aðrir og forsvarsmaður málsaðila jánkaði því.

Hvorki eftirlitsmenn né aðrir starfsmenn Fiskistofu geta veitt leiðbeiningar um hvernig standa eigi að skilum í hlutaðeigandi snjallforritum og hugbúnaði sem hinir ýmsu einkaaðilar bjóða upp á með þjónustu sinni. Leiðbeiningar starfsmanna Fiskistofu eru því takmarkaðar við þau lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem í gildi eru á hverjum tíma og þá skyldu sem hvílir á skipstjórnarmönnum samkvæmt þeim, en leiðbeiningar um praktísk atriði um hvernig eigi að sinna skilum aflaupplýsinga í framkvæmd veiti þjónustuaðilar hvernar lausnar fyrir sig, s.s. Aflarinn og Hafsýn (Trackwell). Þetta hafi veiðieftirlitsmaður m.a. leiðbeint málsaðila um í símtölum dagana 18. og 19. október 2022. Jafnframt hafi veiðieftirlitsmaður áður leiðbeint málsaðila um rétt skil aflaupplýsinga í símtali þann 20. maí sama ár. Þá hefur málsaðili einnig átti í nokkrum tölvupóst samskiptum við Fiskistofu þar sem honum hefur m.a. verið leiðbeint um skil aflaupplýsinga. Þann 26. apríl 2021 óskaði málsaðili aðstoðar í tölvupósti sem svarað

var samdægurs með notkunar leiðbeiningum á afladagbókarappi Fiskistofu sem var í notkun á þeim tíma. Þá var málsaðila sendar persónulega leiðbeiningar með tölvupósti af starfsmanni Fiskistofu á ný þann 8. júní 2021, ítarlegri leiðbeiningar en honum hafði áður verið veittar, um notkun appsins. Hafnar Fiskistofa alfarið fullyrðingu málsaðila um algjöran skort á leiðbeiningum frá stofnuninni til málsaðila. Því til stuðnings vísast til framangreindra samskipta og erinda Fiskistofu til málsaðila vegna máls 2022-06-16-1770, þann 12. desember 2022 og 23. mars 2023 sem hefði átt að vera málsaðila víti til varnaðar um breytta hegðun og hvatning um að koma skilum aflaupplýsinga í rétt horf.

Málsaðili andmælir því ekki að illa hafi tekist til við rafræna skráningu og skil aflaupplýsinga. Þá dregur málsaðili ekki í efa að aflaupplýsingar kunni að vera mikilvægar fyrir Hafrannsóknastofnun en öðru máli gegnir um mikilvægi þeirra í eftirlitsskyni. Að mati málsaðili er eftirlit Fiskistofu með vigtun á hafnarvog sé ófullnægjandi og því skipti því næsta litlu máli hvort aflaupplýsingar skipstjóra berist stofnuninni fyrir eða eftir að skip leggst að bryggju. Fiskistofa hafnar þessari fullyrðingu og bendir á að aflaupplýsingar eru grundvallaratriði fyrir eftirlit Fiskistofu með löndun afla. Skiptir þar grundvallarmáli tímasetning á skilum aflaupplýsinga skipstjórnarmanna, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar 307/2023, þ.e. áður en skipi er lagt að bryggju í löndunarhöfn að lokinni veiðiferð. Markmið tímasetningar er að tryggja að skipstjórnarmenn geri grein fyrir afla og tegundum sem fengust í veiðiferð fyrir löndun og veita þannig aðhald um rétta aflaskráningu á hafnarvog. Jafnframt eru rétt skil aflaupplýsinga áður en skip leggst að bryggju mikilvægar upplýsingar við rannsókn meintra brota gegn 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 (framhjállöndun). Með hvaða hætti og hversu miklu eftirliti stofnunin sinnir með vigtun sjávarafila á hafnarvog er því óviðkomandi. Af framangreindu hafnar Fiskistofa fullyrðingu málsaðila um að litlu máli skipti hvort aflaupplýsingar berist stofnuninni fyrir eða eftir að skip leggst að bryggju.

Með vísan til óskráðra reglna stjórnarsýsluréttarins um meðalhóf, sanngirni og hófstillingu við beitingu opinbers valds telur málsaðili að fella beri málið niður með leiðbeiningu. Þá vísaði málsaðili til þess að þær kröfur sem gerðar eru til skipstjórnarmanna íslenskra veiðiskipa til skila aflaupplýsinga skv. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 brjóti gegn jafnræðisreglu 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 37/1993 og 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem ekki séu gerðar sömu kröfur til skipstjórnarmanna erlendra fiskiskipa, sbr. 5. gr. laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 22/1998. Hvað þetta atriði varðar bendir Fiskistofa á að í loka málslið 5. gr. er gerður fyrirvari, á gildi ákvæða laga og reglugerða sem gilda um veiðar íslenskra skipa í fiskveiðilandhelginni fyrir erlend skip, með vísun til 9. gr. sömu laga. Samkvæmt því ákvæði hefur ráðherra sett reglugerð um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands nr. 1170/2013. Þar eru nákvæm fyrirmæli í 5. gr., sbr. viðauka 2.1 og 2.3, um efni og form tilkynninga um afla og athafnir (DCA) erlendra fiskiskipa í íslenskri efnahagslögsögu. Gerð er krafa um slíkar sendingar daglega, jafnvel þó engar fiskveiðiathafnir hafi átt sér stað. Jafnframt skuli tilkynna um lok veiða (COX). Í tilkynningum þessum eru gerðar sams konar kröfur og útlistaðar eru í 3. gr. reglugerðar um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga nr. 307/2023, sem gildir um veiðar íslenskra skipa, og málsaðila jafnt sem öðrum er stunda fiskveiðar í atvinnuskyni ber að fylgja við framkvæmd veiða. Í reglugerð nr. 1170/2013 eru að einhverju leyti gerðar meiri en kröfur en leiða af reglugerð nr. 307/2023, s.s. tíðni upplýsingaskila. Þá varða brot á reglugerð nr. 1170/2013 viðurlögum samkvæmt 8. gr. laga nr. 22/1998, í formi veiðileyfissvipting á sama hátt og brot á reglugerð nr. 307/2023 geta varðað sviptingu

veiðileyfa. Þá geta brot á báðum framangreindum reglugerðum jafnframt varðað refsingu (sektum). Af þeim sökum hafnar Fiskistofa málsástæðu málsaðila um að brotið sé á jafnræðisreglu í tilviki hans með málsmeðferð þessari.

### III. Lagagrundvöllur

Í 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 segir að skipstjórnarmenn veiðiskipa, sem hafa veiðileyfi í atvinnuskyni samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, eða sérveiðileyfi, skulu senda aflaupplýsingar stafrænt til Fiskistofu áður en veiðiferð lýkur. Í reglugerð um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga nr. 307/2023 segir í 2. mgr. 1. gr. að skipstjórar skipa, sem hafa veiðileyfi í atvinnuskyni samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, eða sérveiðileyfi, skulu skrá þær aflaupplýsingar sem kveðið er á um í reglugerð þessari, og senda þær með stafrænum hætti í vefþjónustu Fiskistofu áður en veiðiferð lýkur. Í 4. gr. framangreindrar reglugerðar segir að skipstjóri skuli senda upplýsingar skv. 3. gr. til vefþjónustu Fiskistofu áður en skipi er lagt að bryggju í löndunarhöfn að lokinni veiðiferð. Í 4. mgr. 1. gr. er svo kveðið á um skyldu skipstjóra til að gæta þess að búnaður til að tengjast vefþjónustu Fiskistofu fyrir stafræn skil aflaupplýsinga sé í lagi áður en haldið er í veiðiferð.

Brot á umræddri reglugerð og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 varða viðurlögum í formi áminninga og sviptingu veiðileyfa skv. 15. gr. laga nr. 57/1996. Í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að Fiskistofa skuli svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laganna eða reglum settum samkvæmt þeim. Í 2. mgr. 15. gr. er mælt fyrir um lengd leyfissviptinga en þar segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár.

### IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Fyrir liggur að skipstjóri fiskiskipsins Emilía AK-57 (2367) skilaði ekki aflaupplýsingum í átta (8) aðgreind skipti, á sautján dögum, frá 3.-20. apríl 2023. Athugasemdir málsaðila hafa verið raktar og þeim svarað. Eru þær ekki þess eðlis að það leiði til þess að málið sé fellt niður. Málsatvik eru óumdeild og ekki uppi vafi um hina meintu háttsemi enda byggir mat á umræddum brotum á gögnum, og hvort þeim sé skilað eða ekki. Ekkert hefur komið fram í málinu sem leitt getur til þess að skýrsla veiðieftirlitsmanns sé dregin í efa, né hefur málsaðili véfengt málsatvik eins og þeim er lýst að framanverðu. Andmælti málsaðili því ekki að illa hafi tekist til við skráningu og skil aflaupplýsinga á skipi hans. Markmið málsmeðferðar Fiskistofu er að leiða hið sanna og rétta í ljós. Að mati stofnunarinnar telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð. Með vísan til málsatvika og eðli brota, athugasemda málsaðila, gagna málsins, og alls þess sem að framan greinir er það niðurstaða Fiskistofu, að skipstjóri fiskiskipsins Emilía AK-57 (2367) hafi ekki sinnt skyldu sinni til skila á stafrænum aflaupplýsingum til vefþjónustu Fiskistofu og þar með brotið gegn reglugerð nr. 307/2023, í þau tilgreindu skipti sem að framan greinir.

**Vanskil og ónákvæm skráning á stafrænum aflaupplýsingum skipstjóra Emelíu AK-57 (2367) braut gegn 2. mgr. 1. gr. sbr. 4. gr. sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 307/2023, sbr. 4. mgr. 9. gr. sbr. 15. gr. laga nr. 57/1996.**

Í 3. mgr. 15. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til hvernig verknaðinum sjálfum var háttað og aðstæðna að öðru leyti og hvort þær hafi aukið mjög á saknæmi brotsins.

Í þessu máli er litið til þess að brotin voru til þess fallin að hafa í för með sér sparnað útgjalda fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila, við að skila ekki inn aflaupplýsingum og komist þar með hjá með kostnaði við kaup á hugbúnaði og þjónustulausnum við skil á aflaupplýsingum í samræmi við reglugerð nr. 307/2023. Fiskistofa leggur ekki mat á hversu mikill sá sparnaður útgjalda málsaðila kann að hafa verið, en gjaldskrá þjónustuaðila er ósamanburðarhæf í þeim skilningi. Þær reglur sem gilda um skil aflaupplýsinga í reglugerð nr. 307/2023 og lögum nr. 57/1996, eru skýrar og fortakslausar hvað varðar skyldu og ábyrgð skipstjóra á skilum aflaupplýsinga til Fiskistofu áður en skip er lagt að bryggju í löndunarhöfn að lokinni veiðiferð. Sú áhersla sem löggjafinn leggur á þetta kemur fram í texta ákvæðanna og lögskýringagögnum. Eins og að framan greinir eru aflaupplýsingar grundvöllur veiðieftirlits Fiskistofu og til annarra verkefna sem varða stjórnun fiskveiða. Aflaupplýsingar er aukinheldur veigamiklar upplýsingar til Hafrannsóknastofnunar sem nýttar eru í vísindalegum tilgangi. Jafnframt eru réttar aflaupplýsingar mikilvægar fyrir vottun útfluttra íslenskra sjávarafurða.

Við mat á því hvort að um meðvituð gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til háttsemi skipstjóra í umræddum veiðiferðum og til þeirrar staðreyndar að málsaðili og skipstjóri á hverjum tíma bera ábyrgð á því að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við gildandi lög og reglur. Þá lítur Fiskistofa til fyrri leiðbeininga og aðvarana til málsaðila sem raktar hafa verið og fyrri ákvörðunar Fiskistofu frá 23. mars 2023 í máli 2022-06-16-1770 gegn málsaðila, vegna sams konar brota, við mat á ásetningsstigi og alvarleika brota. Málsaðili er útgerð sem stundar fiskveiðar í atvinnuskyni. Það er því á hans ábyrgð, að verklag við veiðar sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann á og gerir út og að allur aðbúnaður og tækjakostur sé fullnægjandi, þ.m.t. með hliðsjón af 1. gr. reglugerðar nr. 307/2023. Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Þar segir ennfremur að við ítrekuð brot skuli svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár.

Að mati Fiskistofu er um ámælisverð og endurtekin ásetningsbrot skipstjóra að ræða. Brotin eru átta talsins og átta fyrsta brot sér stað einungis ellefu dögum eftir ákvörðum í máli 2022-06-16-1770 lá fyrir þann 23. mars 2023, og allt þar til svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni á grundvelli hennar tók gildi. Að mati Fiskistofu var málsaðili grandsamur um að skipstjóri væri að brjóta lög í öll umrædd skipti. Í stað þess að koma skilum aflaupplýsinga í lögmætt horf skeytti málsaðili engu um fyrri ákvörðun Fiskistofu frá 23. mars 2023 og fyrri leiðbeiningar Fiskistofu, sem eykur á saknæmi brotanna. Með hliðsjón af framangreindu, eru brot málsaðila óásættanleg og ítrekuð og að mati Fiskistofu framin að yfirlögðu ráði í andstöðu við skýrar reglur um skil aflaupplýsinga. Við mat á viðurlögum í máli þessu telur Fiskistofa að líta þurfi til fyrirmæli laga um ítrekunaráhrif fyrri ákvörðunar frá 23. mars 2023 sbr. 19. gr. laga nr. 57/1996. Í tilkynningu Fiskistofu til málsaðila um að málið hafi verið tekið til meðferðar, dags. 17. maí 2023, var vísað til ákvörðunar stofnunarinnar í máli 2022-06-16-1770 þar sem skip

málsaðila, Emilía AK-57 (2367), var svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni í fjórar vikur með vísan til 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996. Þá var vísað til þess að ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá dagsetningu hennar skv. 19. gr. sömu laga og geti þar með haft áhrif á beitingu viðurlaga komi til þeirra í máli þessu. Málsaðili telur sig hafa gríðarlega hagsmuni af því að búið sé að taka endanlega ákvörðun eða úrskurða með endanlegum hætti um þau viðurlög sem ítrekunaráhrifin stafa frá. Málsaðili lagði fram kæru í því máli þann 19. apríl 2023, og er málið enn í meðförum æðra stjórnvalds. Af þeim sökum telur málsaðili óhugsandi að Fiskistofa geti beitt ítrekunaráhrifum viðurlagaákvörðunar sem ekki er orðin endanleg. Væri slík niðurstaða andstæð meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. Fiskistofu beri því annað hvort að fresta ákvörðun í máli þessu, þar til matvælaráðuneyti hefur úrskurðað í máli nr. 2022-06-16-1770, eða lokið þessari ákvörðun með skriflegri áminningu með vísan til 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996.

Skilyrði og áhrif ítrekunar samkvæmt ákvæði 19. gr. laga nr. 57/1996 eru skýr og var efni þess bæði aðgengilegt og fyrirsjáanlegt þannig að málsaðili átti að geta séð fyrir hverjar afleiðingar áframhaldandi brota hans í apríl 2023, í kjölfar ákvörðunar Fiskistofu frá 23. mars 2023, hefði að lögum fyrir hann. Í 19. gr. laga nr. 57/1996 er kveðið á um að áminningar og sviptingar veiðileyfis *skuli* hafa ítrekunaráhrif. Ítrekunaráhrif laga nr. 57/1996 hefur verulegt gildi sökum þessa og er ætlað að hafa sérstök varnaðaráhrif þar sem ítrekunarhrifin leiða til strangari viðurlaga fyrir síðar framið, sams konar eða eðlislíkt afbrot, sama manns eða lögaðila. Ákvörðun um viðurlög þarf að liggja fyrir, en slík ákvörðun þarf ekki að vera endanleg. Ákvörðun um viðurlög sem er kærð til æðra stjórnvalds, getur haft ítrekunaráhrif, enda hljóti hún síðar staðfestingu æðra stjórnvalds. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar Fiskistofu skv. 18. gr. laga nr. 57/1996. Að mati Fiskistofu á það einnig við um réttaráhrif og beitingu 19. gr. sömu laga sbr. 1. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Þó skal áréttað að feli væntanlegur úrskurður æðra stjórnvalds í sér verulega breytingu á þeim atvikum sem ítrekunaráhrif við ákvörðun um viðurlög í þessari ákvörðun byggja á, geta skilyrði fyrir endurupptöku málsins, í kjölfari úrskurðar matvælaráðuneytis, verið uppfyllt skv. 2. tölul. 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga. Að mati Fiskistofu er enginn vafi uppi um brot málsaðila, hvorki í því máli sem er nú til meðferðar né í máli 2022-06-16-1770, sem eru fullframin enda eru hlutrænir efnisþættir þeirra uppfylltir með mið af hlutlægum þáttum, þ.e. hvort aflaupplýsingum var skilað eður ei. Af þeim sökum telur Fiskistofa ólíklegt að niðurstaða stofnunarinnar í máli 2022-06-16-1770, um hvort brot hafi verið framin, verði felld úr gildi og því rétt að sú ákvörðun hafi ítrekunaráhrif í máli þessu. Réttaráhrif ítrekunar skv. fyrri ákvörðun gilti frá og með dagsetningu hennar, 23. mars 2023. Voru brot málsaðila framin á tímabilinu 3.-20. apríl 2023 og því hafa ítrekunaráhrif fyrri ákvörðunar réttaráhrif við ákvörðun viðurlaga í máli þessu skv. 19. gr. laga nr. 57/1996. Að mati Fiskistofu eru ítrekunartengsl brota í fyrri ákvörðun og því máli sem nú er til meðferðar fullnægjandi, enda um sams konar brot að ræða. Þá eru efnisskilyrði 1. mgr. 71. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 jafnframt uppfyllt í tilviki málsaðila.

Að því virtu telur Fiskistofa, og í ljósi ítrekunaráhrifa skv. 19. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, sem og atvika að öðru leyti með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins, að umrædd brot varði sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni, skv. 1. sbr. 2. mgr. 15. gr. sömu laga, í tvær vikur, þrátt fyrir lögbindið lágmark sviptingar í 4 vikur fyrir ítrekuð brot skv. síðari málsl. 2. mgr. 15. gr. sömu laga.

Ákvörðun lá fyrir í málinu dags. 20. júlí 2023 en svipta átti Emilía AK-57 (2367) leyfis til veiða í atvinnuskyni frá og með 21. ágúst 2023 og til og með 3. september 2023. Þann 24. júlí 2023 barst Fiskistofu beiðni um flýtingu réttaráhrifa í máli þessu. Í beiðninni kom fram að óskað væri eftir því að réttaráhrifum fyrri ákvörðunar Fiskistofu yrði flýtt þannig að skipið væri án veiðileyfis í fjórtán daga frá og með 1. ágúst 2023. Fiskistofa fellst á beiðni málsaðila og afturkallar fyrri ákvörðun dags. 20. júlí 2023, sbr. 1. tl. 1. mgr. 25. gr stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ný ákvörðun, dags. 27. júlí 2023 tekur því gildi.

**Fiskistofa sviptir hér með fiskiskipið Emilía AK-57, skipaskrárnúmer 2367, leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur (14 daga) frá og með 1. ágúst 2023 og til og með 14. ágúst 2023 skv. 1. sbr. 2. mgr. 15. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 vegna brota á reglugerð nr. 307/2023 og lögum nr. 57/1996, með því að hafa ekki skilað aflaupplýsingum í átta aðgreindum veiðiferðum. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. sömu laga.**

#### *Kæruheimild*

Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgartúni 26, 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið [mar@mar.is](mailto:mar@mar.is). Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992.

